

MINNISBLAÐ
Varðar umferðarástand á Reykjanesbraut og umferðaröryggi

Hafnarfjarðarbær vill árétta að mikil þörf er á að marka heildarstefnu varðandi vegabætur á Reykjanesbraut og Fjarðargötu. Síðustu misseri hefur umferð á þessari leið aukist mjög mikið og því miður orðið nokkur mjög alvarleg umferðarslys.

Í Hafnarfirði eru 8 gatnamót á þessum kafla - tvenn mislæg gatnamót, önnur koma til framkvæmda 2017, tvö hringtorg og þrjú T- gatnamót. Í samantekt sem tekin var saman af Umferðardeild Vegagerðarinnar í júní 2016 kemur fram að þessi tvö hringtorg í Hafnarfirði, það er við Lækjargötu og við Flatahraun eru 2 slyshæstu hringtorgin á höfuðborgarsvæðinu og einnig hæst þegar kemur að slysum á ferðamönnum.

Tafla 1: Umferðarslys á hringtorgum

Staðsetning	Vegnumer	Fjöldi slysa, alls	Fjöldi slysa, erlendir öikumenn	Hluttur slysa, erlendir öikumenn
Reykjanesbraut, Rósaselstorg	429-01, 45-00, 41-22, 41-21	3	1	33%
Reykjanesbraut við Ásbrú	41-21, 41-20	11	4	36%
Reykjanesbraut, Hlíðartorg	41-14	81	18	22%
Hafnarfjarðarvegur, FH-torg	40-06	83	17	20%
Nesbraut, Melatorg	49-05	61	16	26%
Nesbraut, Grandatorg við JL hús	49-06, 49-05, 41-01	35	2	6%
Reykjanesbraut, Grandatorg við Grandagarð	41-01	20	7	35%
Hringvegur við Bauhaus	1-f2, 1-f3	48	10	21%
Hringvegur við Korpúlfsstaði	1-f3	16	3	19%
Hringvegur við Baugshlíð	1-f3	14	1	7%
Hringvegur við Langatanga	1-f3	13	3	23%
Hringvegur við Þverholt	1-f3, 1-f4	19	5	26%
Hringvegur við Álafossveg	1-f4	18	1	6%
Hringvegur við Þingvallaveg	1-f5, 1-f4, 36-12	11	7	64%
Hringvegur við Breiðholtsbraut	1-e3, 1-e2, 413-01	19	5	26%
Hringvegur við Breiðamörk og Þorlákshafnarveg	1-d8, 1-d6, 376-01, 38-01	3	2	67%
Hringvegur við Norðlingavað	1-e2	2	0	0%

Ljóst er að mikil þörf er á að endurnýja bæði þessi gatnamót, vegna slysatíðni og einnig vegna þess að þau eru löngu sprungin. Hringtorgið við Lækjargötu var hugsað sem bráðabirgðalausn á sínum tíma og var ætíð talað um að það mundi ekki anna umferðinni nema í skamman tíma. Varðandi T ljósagatnamótin við Kaplakrika þá anna þau ekki heldur þeirri umferð sem um þau fara og er mikil uppsöfnun bíla á álagstímum. Jafnframt er nokkuð um slys þar eins og oft er á ljósagatnamótum.

Það sem brennur mjög á fólki er að tryggja umferðaröryggi á veginum sem og að tryggt sé að íbúar sveitarfélagsins komist til og frá heimilum sínum. Í dag er staðan þannig að erfitt er að nýta sér þau gatnamót sem eru í plani til að komast til og frá Reykjanesbraut. Umferð sem kemur úr hliðargötum þessa gatnamóta við Reykjanesbraut komast ekki inn á veginn þar sem straumurinn á Reykjanesbraut er svo þungur. Miklar umferðarteppur skapast og fólk tekur mikla áhættu við að koma sé inn í umferðina. Vegna þessa eru umferðin farin að hríslast um íbúðargötur til að leita sér að betri leiðum út úr þessum hverfum sem leiðir af sér aukna umferð um hverfin og aukna slysaáætlu þar. Þetta er umferð sem á ekki heima innan hverfanna.

Samgöngustofa hefur tekið saman í ársskýrslu slysaáráttar 2015, tölur um slysamestu gatnamót á landinu sem og slysamestu vegi í dreifbýli. Við þetta má bæta að slys á vegkaflanum frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi (með gatnamótum) eru rúmlega 100 fyrir sama tímabil. Þessi vegkafla er 3,5 km sem gefur gildið 28 slys á km.

Umferðarslys árið 2015

Hættulegustu gatnamótin í þéttbýli

Slys og óhöpp, með og án meiðsla 2011-2015

Þéttbýli	Gatnamót	Fjöldi slysa og óhappa
Reykjavík	Miklabraut / Kringlumýrarbraut	166
Reykjavík	Grensásvegur / Miklabraut	149
Reykjavík	Háaleitisbraut / Miklabraut	127
Reykjavík	Njarðargata / Hringbraut	108
Hafnarfjörður	Reykjanesbraut / Lækjargata / Hlíðarberg	93
Hafnarfjörður	Flatahraun / Bæjarhraun	90
Reykjavík	Bæjarháls / Höfðabakki / Straumur	87
Reykjavík	Háaleitisbraut / Kringlumýrarbraut	86
Reykjavík	Reykjanesbraut / Bústaðavegur	84
Garðabær	Hafnarfjarðarvegur / Reykjavíkurvegur / Fjarðarhraun / Álfanesvegur	79
Hafnarfjörður	Reykjanesbraut / Fjarðarhraun	74
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Suðurlandsbraut / Laugavegur	74
Kópavogur	Nýbýlavegur / Skemmuvegur - Svört gata / Dalvegur / Nýbýlavegur	73
Reykjavík	Kringlumýrarbraut / Listabraut	72
Reykjavík	Suðurgata / Melatorg / Hringbraut / (Melatorg) (Slaufa Reykjanesbraut-Stekkjarkakki) / Stekkjarkakki / (Rampi)	69
Reykjavík	Stekkjarkakki-Reykjanesbraut)	67
Reykjavík	Skeiðarvogur / (Hringtorg Suðurlandsbraut) / Fákafer / Suðurlandsbraut (Rampi Vesturlvegur-Höfðabakki-NA) / (Rampi Vesturlvegur-Höfðabakki-SV) / (Rampi Höfðabakki-Vesturlvegur-NV) / Höfðabakki	63
Reykjavík	Flugvallarvegur / Bústaðavegur	62
Reykjavík	Flugvallarvegur / Bústaðavegur	61
Reykjavík	Grensásvegur / Engjavegur / Suðurlandsbraut	60

Hættulegustu vegirnir í drelfbýll

Slys og óhöpp, með og án meldsía 2011-2015

Vegnr.	Vegur	Fjöldi slysa og óhappa	Lengd vegkafía (km)	Fjöldi slysa á hvern km
1-g0	Hringvegur (Hvalfjarðargöng, nyrðri endi - Akrafjallsvegur (51) við Innrihólm)	22	0,48	45,8
1-f7	Hringvegur (Hvalfjarðarvegur (47) - Hvalfjarðargöng, syðri endi)	14	0,94	14,9
1-p9	Hringvegur (Eyjafjarðarbraut vestri (821) - Eyjafjarðarbraut eystri (829))	17	1,58	10,8
1-D9	Hringvegur (Prengslavegur (39), brú - Sýslumörk (skilti))	42	4,41	9,5
1-d8	Hringvegur (Porlákshafnarvegur (38) - Prengslavegur (39), brú)	150	16,63	9,0
41-16	Reykjanesbraut (Brú yfir Vatnsleysustrandarveg - Grindavíkurvegur (43-01))	97	11,62	8,3
1-e2	Hringvegur (Hafravatnsvegur (431) - Breiðholtsbraut (413))	22	3,41	6,5
1-h4	Hringvegur (Norðurá við Fornahvamm - Sýslumörk (skilti))	67	11,31	5,9
1-e1	Hringvegur (Sýslumörk (skilti) - Hafravatnsvegur (431))	57	9,79	5,8
41-15	Reykjanesbraut (brú yfir Fjarðarbraut - brú yfir Vatnsleysustrandarveg)	74	13,29	5,6
1-f5	Hringvegur (Þingvallavegur (36) - Brautarholtsvegur (458))	65	11,96	5,4
41-17	Reykjanesbraut (Grindavíkurvegur (43) - Njarðvíkurvegur)	23	4,56	5,0
1-f6	Hringvegur (Brautarholtsvegur (458) - Hvalfjarðarvegur (47))	17	3,61	4,7
1-q0	Hringvegur (Eyjafjarðarbraut eystri (829) - Veigastaðavegur (828))	10	2,13	4,7
1-c7	Hringvegur (Rauðalækur (brú) - Landvegur (26))	16	3,5	4,6
1-g4	Hringvegur (Höfn - Borgarfjarðarbraut (50))	38	8,41	4,5
925-01	Hróarstunguvegur (Hringvegur (1-t0) - Húseyjarvegur (926))	41	9,25	4,4
1-d1	Hringvegur (Sýslumörk, Þjórsá - Skeiðavegur (30))	14	3,18	4,4
1-f8	Hringvegur (Hvalfjarðargöng, syðri endi - Hvalfjarðargöng, nyrðri endi)	25	5,76	4,3
43-01	Grindavíkurvegur (Reykjanesbraut (41) - Grindavík, Gerðavellir)	54	13,3	4,1

Við bendum einnig á að mikilvægt er að ljúka við tvöföldun á Reykjanesbraut í gegnum bæinn, það er frá Kaldárselsvegi og útfyrir Krýsuvíkurveg. En nokkur alvarleg slys hafa orðið þar síðustu misseri sem þarf að bregðast við. Einnig virðist umferðarálag þar vera að aukist til muna og eru raðir á álagstímum komnar vestur fyrir Krýsuvíkurveg, þegar mest er. Umferðarþungi á Reykjanesbraut hefur vaxið hratt eins og þessar tölur bera með sér:

Reykjanesbraut - Hafnarfjarðarvegur (Kaplakriki) að brú yfir Fjarðarbraut (Strandgötu)(ÁDU)

Ár	Umferð
2015	28.851
2014	22.276
2010	20.745
2005	18.658
2000	15.373

Umferðarmælir sem er í Reykdalsbrekkunni sem settur var niður 2014 sýnir einnig mikla aukningu á umferð síðustu ár:

Desember umferð	Meðal umferð
2016	31.254
2015	27.374
2014	25.348

Fjármagn í vegabætur frá Vegagerðinni í Hafnarfirði hefur verið lítið síðustu 10-15 árin og er Hafnarfjörður að líða fyrir það núna.

Þannig að ljóst er að gera þarf betur í Hafnarfirði.

Með þessu bréfi óskar Hafnarfjarðbær eftir að farið verði í að marka heildarstefnu á vegabótum á Reykjanesbraut þ.e. að reynt verði að tímasetja tvöföldun brautarinnar í gegnum bæinn sem og endurgerð þeirra gatnamóta sem eru í plani.

Jafnframt er óskað eftir fundi með Vegagerðinni sem allra fyrst til að fara yfir þessi mál.

Verkefni sem eru framundan:

- Endurgerð gatnamóta við Lækjargötu/Setberg
- Endurgerð gatnamóta við Kaplakrika
- Endurgerð gatnamóta við Flatahraun
- Endurgerð gatnamóta við Hamraberg
- Endurgerð Fjarðarhrauns milli Flatahrauns og Engidals
- Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi
- Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Vogum